



Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur með verklagsreglunni er að samræmt verklag fari af stað þegar tilkynning um grun um samskiptavanda eða einelti berst grunnskóla Reykjanesbæjar. Verklagsreglan gildir um öll tilvik þegar grunur vaknar, allt frá því að tilkynning berst og þar til að málið teljist vera upprætt.

Ábyrgð:

Skólastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni í sínum grunnskóla.

Allir starfsmenn og samskipta- / eineltisteymis hvers grunnskóla bera ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni. Einnig bera forráðamenn ætlaðs þolanda og ætlaðs geranda ábyrgð á að taka þátt í verklagsreglunni.

